

Umboðsmaður Alþingis
B.t. Vilhelmínu Óskar Ólafsdóttur
Þórshamri, Templarasundi 5
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. júlí 2025
MSS25060044

**Svar við beiðni um upplýsingar um fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa -
mál nr. F8/2025**

Vísað er til bréfs umboðsmanns Alþingis, dags. 5. júní 2025, vegna máls nr. F8/2025 sem varðar fréttáflutning af ætluðum breytingum á birtum fundargerðum Reykjavíkurborgar. Nánar tiltekið var greint frá því í Morgunblaðinu og vefnum mbl.is þann 23. maí sl. að fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa hefði að sögn fjölmiðilsins verið tekin út af vefsíðu Reykjavíkurborgar, henni breytt og svo birt á nýjan leik í hinum breytta búningi.

Í fyrrgreindu bréfi umboðsmanns Alþingis er óskað eftir að Reykjavíkurborg:

1. Upplýsi hvort fundargerð framangreinds afgreiðslufundar hafi verið tekin út af vefsíðu Reykjavíkurborgar og sett inn á nýjan leik með breyttri umsögn skipulagsfulltrúa svo og hvor framangreindra umsagna var sannarlega samþykkt á umræddum fundi 15. maí sl.
2. Hafi umsögninni verið breytt eftir að fundargerðin var birt, er þess óskað að Reykjavíkurborg upplýsi um hvaða breytingar voru gerðar, skýri hvers vegna og á hvaða grundvelli.
3. Upplýsi, hafi breytingar verið gerðar á fundargerðinni, hvort sú framkvæmd tíðkist almennt við birtingu fundargerða hjá Reykjavíkurborg og þá við hvaða aðstæður. Sé sú raunin er óskað eftir upplýsingum um síðustu fimm tilvik þar sem fundargerðum var breytt.

Í kjölfar erindis frá umboðsmanni Alþingis óskaði embætti borgarlögmanns eftir umsögn frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar um málið. Embættinu barst umsögn sviðsins þann 23. júní sl. vegna málsins.

Í umsögn sviðsins er greint frá því að atvik hafi verið með þeim hætti að drög umsagnar skipulagsfulltrúa hafi fyrir mistök verið birt á vef Reykjavíkurborgar í stað hinnar endanlegu umsagnar sem afgreidd var á fundinum. Í framhaldinu hafi mistökin verið leiðrétt og hin afgreidda umsögn sett undir málið. Greint er frá því að almennt séu umsagnir vegna skipulagsmála unnar af verkefnastjóra skipulagsfulltrúa í samráði og samvinnu við lögfræðideild sviðsins og eftir atvikum öðrum starfsmönnum þess sem eiga aðkomu að viðkomandi máli. Þannig hafi staðið á í umræddu tilviki og sú umsögn tekið breytingum við vinnslu hennar fram að afgreiðslufundinum þann 15. maí síðastliðinn. Við frágang fundargerðar í skjalakerfi borgarinnar hafi fyrir mistök verið hengd röng skrá með drögum að umsögninni en ekki hin endanlega umsögn sem afgreidd var á fundinum þann 23. maí síðastliðinn og drögin

þar af leiðandi ratað inn á heimasíðu Reykjavíkurborgar í stað þeirrar umsagnar sem afgreidd var á fundinum.

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar fara eftirfarandi svör við fyrirspurn umboðsmanns Alþingis:

1. Mannleg mistök leiddu til þess að drög umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 15. mars 2025, voru hengd við dagskrárlið 23 afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 15. maí 2025 í skjalakerfi Reykjavíkurborgar í stað endanlegrar útgáfu hennar, dags. 15. maí 2025, sem leiddi til þess að í framhaldinu voru drögin birt á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Í kjölfar þess að mistökin urðu ljós var umsögn, dags. 15. maí 2025, er sannarlega var afgreidd á fyrrnefndum afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa, færð undir dagskrárliðinn í skjalakerfi Reykjavíkurborgar og birt á heimasíðu borgarinnar í stað fyrrgreindra draga hennar.
2. Sú umsögn sem afgreidd var á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa var ekki breytt með vísan til þess sem hér að framan greinir.
3. Engin breyting var gerð á fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa sem fram fór hinn 15. maí 2025 heldur var eingöngu færð undir dagskrárlið og á heimasíðu Reykjavíkurborgar sú umsögn er sannarlega var afgreidd á tilvitnuðum fundi, svo sem greinir í lið 1.

Vinsamlegast hafið samband við undirritaða í síma 411-4110 eða netfangið sunna.lind.hoskuldsdottir@reykjavik.is ef frekari upplýsinga er óskað.

Virðingarfyllt,



Sunna Lind Höskuldsdóttir, lögmaður

Hjálagt:

1. Umsögn umhverfis og skipulagssviðs, dags. 23. júní 2025.